

ADALFUNDUR SÍL 2008

13. desember kl. 14:20

Fulltrúar fjögurra lúðrasveita mættir, alls 8 manns.

Stefán Sigurjónsson, Katrín Pálmadóttir, Kristján Rúnarsson, Óskar Völundarson, Lárus Halldór Grímsson, Halldóra Björk Bergþórsdóttir, Margrét B. Sigurbjörnsdóttir, Jón Óskar Guðlaugsson

Fundarstjóri: Margrét B. Sigurbjörnsdóttir.

1. VENJULEG ADALFUNDARSTÖRF

Skýrsla formanns: Fyrirhugað var að halda aðalfundinn á landsmóti í Þorlákshöfn en ekki var unnt að koma því fyrir í dagskránni. Lárus þakkaði fyrir gott landsmót í Þorlákshöfn og sagði frá næsta landsmóti sem fyrirhugað er að halda í Stykkishólmi 2010. Hann taldi ráðlagt að halda landsmótið með sama sniði og í Þorlákshöfn þar sem þátttakendum er blandað saman og skipt upp í stærri sveitir.

Á landsmótinu í Þorlákshöfn voru heiðursverðlaun afhent í fyrsta skipti frá árinu 1987-1988. Þá var gjöf Félags tónskálda- og textahöfunda afhent til lúðrasveita SÍL á landsmótinu.

Þótt svo starfandi lúðrasveitum hafi farið fækkandi þá er metnaðarfullt starf í gangi. Sem dæmi má nefna Lúðrasveit Verkalýðsins í samstarfi við hljómsveitina 200.000 Naglbíta, upptökur hjá Lúðrasveitinni Svani, Tríkot og Lúðrasveit Vestmannaeyja.

Bára Sigurjónsdóttir hefur tölvusett verk Pál Pamplinkler.

Lárus sagði að ef einhverjar sveitir væru með útsetningar eftir Pál þá væru þær vel þegnar til að fylla upp í raddir.

Tónlistarsjóður 250.000, sótt var um eina milljón

Tveir NOMU fundir á árinu. Ákveðið að halda námskeið hér á landi 2009. Kostnaður við mótshald um 5 milljónir. Ekki kominn styrkur í verkefnið ennþá.

Nomu ætlar að koma upp stórum gagnagrunni með norrænni útgefni tónlist. Gengið hefur illa að nálgast íslenska tónlist og útsetningar. Nýta nýja möguleika við að gera tónlistina aðgengilega.

Að lokum þakkaði Lárus stjórnarmönnum fyrir samstarf á liðnu ári.

Skýrsla formanns samþykkt samhljóða sem og skýrsla gjaldkera.

Kosningar:

Formaður: Lárus gaf áfram kost á sér og var hann kosinn.

Ritari: Halldór Víkingsson gaf ekki kost á sér áfram. Jón Óskar gefur kost á sér og var kosinn.

Gjaldkeri: Stefán Sigurjónsson gaf áfram kost á sér og hlaut kosningu.

Meðstjórnendur: Ásdís gefur áfram kost á sér. Auk hennar var Bára Sigurjónsdóttir kosin.

Endurskoðendur: Margrét B. Sigurbjörnsdóttir og Óskar Völundarson voru kosin.

Stjórn SÍL starfsárið 2008-2009 er því þannig skipuð:

Formaður: Lárus Halldór Grímsson

Ritari: Jón Óskar Guðlaugsson

Gjaldkeri: Stefán Sigurjónsson

Meðstjórnendur: Ásdís Þórðardóttir og Bára Sigurjónsdóttir

1. SKÝRSLUR HLJÓMSVEITANNA

Fulltrúar lúðrasveita sem staddir voru á fundinum gáfu stutta skýrslu um starfsemi sinna hljómsveita.

Lúðrasveit Reykjavíkur: Venjulegt ár. Djasstónleikar í nóvember 2007. Hefðbundin jólaspilamennska og myrkir músíkdagar í febrúar. Á myrkum músíkdögum, verk eftir Lárus og Báru. Vortónleikar í maí. Tónleikar í nóvember, Páll Pamplinkler.

Lúðrasveitin Svanur: Hausttónleikar í Neskirkju, blanda af íslensku efni og jólatónlist. Eftir áramót upptökur í Víðistaðakirkju. Vortónleikar í Ráðhúsinu þar sem Sigurður Flosason spilaði einleik. Hefðbundin spilamennska, 1. maí, 17. júní. Bad Orb í Þýskalandi í september. Rúnar Óskarsson kvaddi eftir að hafa stjórnað sveitinni í 5 ár. Matthías V. Baldursson tók við og var frumraun hans með sprotann á haust-/jólatónleikum í lok nóvember í sal Tónlistarskóla FÍH.

Lúðrasveit Þorlákshafnar: Vel heppnað landsmót, það 19. í röðinni, var haldið í Þorlákshöfn 27.-28. september 2008. Á árinu fékk sveitin fékk styrk úr Menningarráði Suðurlands að upphæð 400.000 kr. til að starfa með nemendum tónlistarskóla Árnessýslu. Að öðru leiti hefðbundið ár.

Lúðrasveit Vestmannaeyja: Styrktartónleikar í nóvember. Jólatrésspilamennska, og spilað á nokkrum stöðum á Þorláksmessu. Spilað í messu á jóladag. Gos-afmæli í janúar, sumardagurinn fyrsti. Trikot og lúðrasveitin spiluðu saman á tónleikum. Sjómannadagur, 17. júní. Ánægja með landsmót. Æfingabúðir í Hlíðardalsskóla. Jólatónleikar með skólalúðrasveitunum, breiður aldurshópur samankomnir, frá 8-54 ára.

3. NÓTNAÚTGÁFA OG HUGSANLEGT SAMSTARF MEÐ SÍSL

Rætt um að koma nótum á rafrænt form þar sem lúðrasveitir geti sótt nótur á internetinu. Samstarf með SÍSL varðandi heimasíðu. Lárus búinn að ræða þetta við forsvarsmenn SÍSL og þeir hafa tekið vel í þetta. Prentkostnaður gæti sparast og kostnaður við að halda úti sér heimasíðu.

Þörf var á að endurprenta útsetningar eftir Ellert Karlsson en óvíst hvort þess þurfi ef hægt er að koma efni á vefinn.

4. ÖNNUR MÁL

Stefán lísti yfir ánægju með heiðursverðlaun sem veitt voru á landsmótinu í Þorlákshöfn. Lárus greindi frá því að hugsanlega koma tvær sveitir frá Noregi á landsmót 2010. Rætt um endurnýjun í sveitunum og aldur yngstu meðlima. Oft reynist erfitt að halda unga fólkinu í sveitunum.

Fundi slitið kl. 16:00

Jón Óskar Guðlaugsson, ritari